


Hugsanaferillinn hjá Einstein var þá þessi: Úr því að ekki er unnt að breyta ljóshraðanum, þá hlýtur það að vera tíminn, sem breytist. Hvað táknar það, að tíminn breytist? Þarna er einfaldlega um allt að því óskiljanlega hugsun að ræða: Eitt ár, einn dagur, ein klukkustund eru þá ekki lengur neinar fastar stærðir, heldur verða þá stundum nokkuð lengri, stundum styttri. Tíminn er þá orðinn teygjanlegur, og hvort hann teygist á langinn, hve mikið teygist úr honum, það er þá allt undir ytri kringumstæðum komið, undir hraða og þyngdaraflinu.



Ef til vill elzta dagatal veraldar: Bein frá því á steinöld, sem nýlega fundust í jörðu í Siberíu. Til hægri á teikningunni sjást öldulaga, brugðnar rákirnar, sem notaðar voru til að telja tímann.

Dæmi 1: Tækist manningum að smíða eldflaug, sem færi á 200.000 km hraða á sekúndu eða hraðar, þá gæti áhöfn slíkrar eldflaugar teygst úr tímanum. Ef eldflaugin væri látin geysast um geiminn á hraða, sem væri sambærilegur við hraða ljóssins, og henni svo snúð aftur til jarðar, væri áhöfn eldflaugarinnar í reynd yngri en þeir jafnaldrar eldflaugarfaranna, sem setti hefðu um kyrrt heima á jörðinni. Ástæðan er þessi: Í geimfarinu varir ein klukkustund lengur en á jörðu, af því að geimfarið þýtur áfram á því líkum ógnarhraða.

Dæmi 2: Ein klukkustund varir heldur ekki á jörðinni alltaf jafn lengi, og það stafar af áhrifum þyngdarafllins eða aðdráttarfls jarðar. Ef afar nákvæm klukka, helzt af öllu kjarnorku-klukka af þeirri gerð, sem teikningin hérna á síðunni sýnir, væri sett upp á

Híð „platónska ár“ miðast við „vorpunktinn“, þ.e. skurðpunkt himinsmiðbaugs og hinnar hugsuðu brautar sólar. Af því að jarðmöndullinn hefur ekki stöðugan halla heldur myndar hringlaga feril, fer vorpunkturinn einn hring í kringum jörðu á 25.868 árum.

eitthvert hátt fjall — til dæmis upp á Everest-tind — þá myndi hún ganga hraðar en önnur sams konar klukka niðri við sjávarströndina. Ástæðan er þessi: Aðdráttarfl jarðar virkar því sterkar, þeim mun nær jarðarmiðju maður er. Styrkleiki aðdráttarflsins út af fyrir sig ákvarðar, hve hratt klukkan gengur, hve hratt tíminn sem sagt líður. Hraðaaukning er jafngild þyngdaraflinu; einnig hraðaaukningin verður þess valdandi, að það teygist úr tímanum.

Úti í geimnum ríkja önnur lögmál

Það er þó ekki ætlunin með þessari grein að reyna að útskýra afstæðuna út í yztu æsar. Það verður látið nægja að drepa á þau margvíslegu áhrif, sem afstæðiskenningin hefur haft í för með sér. Hún hefur vissulega — og það verður að telja mikinn kost — náð að veita frjóum anda inn á öll svið náttúruvísindanna. Afstæðiskenningin hefur yfirleitt fyrst gert okkur kleift að öðlast nútímalegan skilning jafnt á alheiminum sem á atóminu. Ennfremur hefur hún — og það verður að reiknast sem ókostur — svipt fjöldann allan af íbúum jarðarinnar síðasta gríðlandi hinnar algjöru fullvissu, nefnilega þeirri vissu, sem mannkynið hefur borið í brjósti allt frá miðöldum og álitid bjargfasta vissu til allrar eilífðar: En frá því að Albert Einstein kvað upp úr með afstæðiskenningu sína, er jafnvel klukkustundin orðin eitthvað afstætt — ekkert er í rauninni orðið algjörlega óhaggeanlegt lengur.

En það má svo sem segja, að sjálf sárindin yfir þessu áfalli séu þegar tekin mjög að réna, og mannfólkinu hafi lært að lifa með þessum nýju viðhorfum. Þeir, sem eru ungir nú á dögum, hafa þegar vanizt þeim viðhorfum, að allir hlutir séu afstæðir.

Ásamt stjarnfræðisfræðinni og kjarnorkuvísindum samtímans, veitir afstæðan nútímamönnum alveg stórkostlega og algjörlega

einstæða innsýn í sjálft eðli tímans, og skulu hér nefnd nokkur þeirra atriða:

1. Ljós og rúmtími. Úti í geimnum eru rúm og tími ekki lengur frábrugðin í grundvallaratriðum. Ljósárið (9,46 billjón kílómetrar) mælir um leið rúm og tíma. Sá sem segir, að þvermál alheimsins sé 20 milljarðar ljósára, á ekki einungis við útpenslu alheimsins heldur einnig við aldur hans: Til þess að nema 20 milljörðum ljósára í þvermál í dag, hlýti alheimurinn að hafa átt upphaf sitt fyrir 20 milljörðum ára og þenjast út með hraða ljóssins.

2. Efni og andefni: Samkvæmt áliti fjölmargra teoretískra eðlisfræðinga getur tíminn einnig líðið afturábak. Hið dularfulla andefni er, að sögn bandaríska Nóbelsverðlaunahafans Richards Feynmans, sjálft efnið með umsnúinni tímastefnu. Andefnið samanstendur af atómum, og þau geta svo skipzt á hleðslum við venjuleg atóm. Skelli andefni og efni saman, geislast þau í sundur í hreinni orku. Fyrir orku er ekki til neinn tími, og samkvæmt því er hægt að segja, að tími og efni tengist hvort öðru úti í alheiminum.

3. Frumsprengingin og maðurinn: Ein grein vísindarannsóknna, sem mjög hefur verið til umræðu á undanföllum árum, fæst við rannsóknir á þeim kringumstæðum, sem hlutu að hafa verið fyrir hendi í alheiminum — eða í einhverjum alheimi — til þess að upp gætu sprottið vitsmunaverur. Sjálfst lykilorðið fyrir þessa vísindagrein er hið „anthrópíska grundvallaratriði“. Samkvæmt þeim niðurstöðum, sem þessar vísindarannsóknir hafa hingað til leitt til, verða afar margir þættir að fléttast á réttan hátt saman til þess að úr verði alheimur, þar sem fyrir hendi eru heil stjörnukerfi, fastastjörnur, reikistjörnur og lífverur.

Til þess að menn geti tekið að þróast, verður einnig sá þáttur, er nefnist tími, að vera nákvæmlega útmældur og samstiga öðrum þáttum. Við vitum núna, að tíminn helzt í nánum tengslum við önnur náttúruöfl, og þá alveg sérstaklega við þyngdaraflið eða aðdráttarflid.

Enginn getur sagt til um það nú á dögum, hvort annar alheimur sé hugsanlegur, þar sem allir þættir væru álíka vel samræmdir hverjir við aðra eins og í okkar alheimi. En sú hugsun er aftur á móti nærtæk, að tíminn heyrir til alheiminum eins og við sjálf.

Tíminn er — þannig séð — okkar tími.


Samsýning

Myndlist

Valtýr Pétursson

Hópur fólks hefur efnt til sýningar á verkum sínum að Kjarvalsstöðum. Báðir salir eru undirlagðir, og nægilegt rými er því fyrir þau verk, sem þessi hópur hefur komið þarna fyrir. Að visu eru sum þessara verka nokkuð fyrirferðamikil, en hvað um það, þarna er nú vítt til veggja og hvergi sparað rúm eða annað til að gera sýninguna í heild að viðburði.

Rúri er þegar orðin þekkt myndlistarmannskja og sýnir þarna þrjú verk. Þau eru öll kölluð Installations, sem ég kann ekki að setja yfir á okkar mál.




legt fyrir börn. Málverk af strút fannst mér eitt besta verk Þórs. Teikningar eru þarna einnig eftir Rúnu Þorkelsdóttur, og fannst mér þau verk einna best af öllum þeim verkum, sem á þessari sýningu eru. Myndröð hennar sem nefnist „Untitled“ er ágætt verk, sem hefur léttleika og skemmtilegt yfirbragð.

Þessi sýning hefur ágætán svip sem heild. Það er ódum að hverfa þessi snöggsödni kæruleysislegi bragur, sem svo oft mátti finna hjá ungu fólki hér á árunum. Nú veit ég ekki, hvort þessi hópur telst til þeirra ungu lengur. Tíminn líður, og klukkan slær, eins og þar stendur. Við skulum vera þess viss, að allir verða eldri, ef þeir lifa. Það er gaman að vera ungur, en það endist ekki nema örskamma tíð. Þannig er fólk orðið fullorðið, áður en varir, og á það jafnt við um nýlistarfólk sem aðra. En þetta var nú útdúrdur og aðeins hugdetta í sambandi við þessa sýningu að Kjarvalsstöðum.

Það er viss dagnaður í þessu fólki, sem verður að virða, og þótt ég sjálfur sé ekki alveg dús við það, sem hér kemur fram, vil ég á engan hátt gera lítið úr þeim anda og því áráði, sem speglast í fyrirtæki sem þessu.

Auðvitað ætti fólk að skoða þessa list og gera sér hugmyndir um, hvert er verið að fara. Það verður seint fullmetið, allt það starf er listamenn vinna í þessu landi, sem er að verða nokkurs konar Christiania í myndlist.



Af þessum þrem verkum fannst mér mest til um Glerregg, sem er rómantískt og raunsætt verk. Annað verk eftir hana nr. 2 fannst mér einnig skemmtilegt, en ekki eins fjörugt og hið fyrsta. Ívar Valgarðsson er nokkuð þungur í skúlptúrum sínum og virðist hafa ferninginn að leiðarljósi. Hann er nokkuð raunsætt og heldur hlédrægur í þessum verkum, eftir því sem mér komu þau fyrir sjónir. Þau tvö eru í vestursalnum.

Í austursal er Þór Vigfússon með dýralífið. Skúlptúrar og myndverk. Risastór teikning af fil fannst mér ágæt. Skúlptúrar af dýrum voru síður við mitt hæfi, en ætti að vera skemmti-


„Mjög ánægður með að fá að sýna í Feneyjum“

— segir Kristján Davíðsson

„Ég er ósköp ánægður með að fá að sýna á Feneyja-bínealnum og vona að ég komist út til að sjá sýninguna en á henni kemur saman það skásta úr heiminum, hef ég heyrt,“ sagði Kristján Davíðsson myndlistarmaður, er blm. Mbl. spjallaði við hann í tilefni þess að honum hefur verið boðið að sýna verk sín á Feneyja-bínealnum í sumar, eins og getið var um á baksíðu Mbl. á miðvikudag.

„Það er afskaplega skemmtilegt átak sem gert hefur verið með því að leigja þetta hús og ef hægt er að hafa þessa aðstöðu til frambúðar þá þurfa íslenskir listamenn ekki lengur að vera á hrakhólum með pláss undir verk sín.

Ég sendi út nítján stór olíumálverk, það stærsta rúmlega tveir sinnum þrjú metrar, og eru þau eru flest máluð á síðasta ári. Viðfangsefni mitt er flæðarmálið, en



Kristján Davíðsson listmálari.

nokkrar figúratívar myndir verða einnig með. Þessa dagana er verið að pakka myndunum niður og verða þær sendar í gámi til Osló og fluttar þaðan til Feneyja.“